

Ed.

267. Nefndarálit

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað þau skilríki, er fylgja umsóknum þeirra manna, sem frv. gerir ráð fyrir, að veittur verði ríkisborgararéttur hér á landi, og telur, að fullnægt sé skilyrðum laga nr. 64 frá 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, að því er þá snertir.

Eftir að málið var afgreitt frá neðri deild hefir nefndinni borizt beiðni frá norskum manni, Olaf Ingvald Visnes, um að honum verði einnig veittur íslenskur ríkisborgararéttur, og með því að upplýst er, að heimild er til, lögum samkvæmt, að veita téðum Olaf Ingvald Visnes íslenskan ríkisborgararétt, telur nefndin rétt, að hann verði einnig tekinn upp í frv.

Fyrir því leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Á eftir 2. lið frv. komi nýr liður:

3. Visnes, Olaf Ingvald Olsen, verkamaður á Siglufirði, fæddur í Noregi.

Alþingi, 28. marz 1940.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fundaskr.

Magnús Gislason,
frsm.